

1. Í umdæmi, sem nær yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslur og Ísafjarðarsýslur og alla kaupstaði á svæðinu.
2. Í umdæmi, sem nær yfir Strandasýslu, Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur og alla kaupstaði á svæðinu.
3. Í umdæmi, sem nær yfir Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýslu og alla kaupstaði á svæðinu.
4. Í umdæmi, sem nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnes-sýslu og Vestmannaeyjar og alla kaupstaði á svæðinu.
5. Í umdæmi, sem nær yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu og alla kaupstaði á svæðinu.
2. Umdæmisfulltrúar skulu aðstoða Fasteignamat ríkisins við öflun upplýsinga um fasteignir og við mat þeirra, eftir nánari ákvörðun stofnunarinnar.
3. Fasteignamat ríkisins ákveður aðsetur og starfsaðstöðu umdæmisfulltrúa, að fengnu samþykki fjármálaráðherra.
4. Fasteignamat ríkisins getur með samþykki fjármálaráðherra ákveðið fjölgun umdæma samkvæmt þessari grein svo og breytt mörkum umdæma með öðrum hætti.

11. gr.

1. Til að auðvelda Fasteignamati ríkisins gagnasöfnun, sbr. 13. gr. laga nr. 94/1976, til úrvinnslu upplýsinga um gangverð fasteigna við kaup og sölu og breytingar á því, er skylt bæði fasteignasölum og öðrum aðilum, er milligöngu kunna að hafa um fasteignaviðskipti, að senda Fasteignamati ríkisins samrit allra kaupsamninga strax og þeir hafa verið gerðir. Kaupsamningar skulu innihalda, svo eigi verði um villst, lýsingu hinnar seldu eignar og staðsetningu.

2. Kaupsamningar skulu einnig hafa að geyma heildarsöluverð eignar og greiðslu-skilmála, s. s. sundurliðun á veittum lánun og yfirteknum skuldum, lánstíma og vaxtakjör, útgáfudag fjárskuldbindinga svo og upphaflegar fjárhæðir skulda og eftirstöðva þeirra við gerð kaupsamnings.

3. Nafnnúmer aðila skulu tilgreind svo og greinitölur fasteignar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 94 20. maí 1976, um skráningu og mat fasteigna, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 301 10. desember 1969, um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Fjármálaráðuneytið, 3. nóvember 1978.

Tómas Árnason.

Gunnlaugur Claessen.

H A F N A R R E G L U G E R Ð

fyrir Dyrhólahöfn í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Takmörk Dyrhólafnar eru:

Sjónhending úr Skorpunefi á syðsta odda Skershala, þaðan til vesturs sjónhending á nyrsta horn Lundadrangs, þaðan sjónhending til norðurs á syðsta horn

Tóarnefs á Dyrhólaey, og fylgir síðan bjargbrún að afmörkuðu landssvæði hafnarinnar.

2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins. Hún kýs á fyrsta fundi sínum 3ja manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann nefndarinnar og varaformann. Formaður hafnarstjórnar boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímbil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sýslunefndar.

Hafnarvörður eða sá, sem sér um daglegan rekstur hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Sýslunefnd ræður hafnarvörð eftir tillögu hafnarstjórnar og setur honum erindisbréf, þar sem verksvið hans er ákveðið. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

4. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur í höfnina, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð þar. Hann skal vera kunnugur ákvæðum hafnarreglugerðarinnar.

5. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

7. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn setur í samræmi við 26. gr. hafnarlaga nr. 45/1973 og samgönguráðuneytið staðfestir.

8. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, tækjum hennar og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

9. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggja umsögn hafnarstjórnar þar að lútandi.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000, nema þyngri refsing liggi við.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 408.

REIKNINGUR**Iðnlánasjóðs árið 1977.****Rekstrarreikningur árið 1977.****Gjöld :**

Vextir	kr. 70 301 200	
Vísitölugreiðslur	— 25 052 510	
Lántökugjöld	— 9 000 000	
		kr. 104 353 710
Rekstrarkostnaður	— 28 957 956	
Framlag til hagrannsóknna	— 8 250 000	
Afskrifað gengistap	— 13 751 658	
Afskriftir af húsbúnaði	— 102 000	
Tekjuafgangur	— 641 028 003	
		Kr. 796 443 327

Tekjur :

Vextir	kr. 252 280 099	
Vísitöluálag	— 27 177 647	
Lántökugjöld	— 16 015 500	
		kr. 295 473 246
Innborgað iðnlánasjóðsgjald	— 340 736 721	
Fjárveiting ríkissjóðs	— 150 000 000	
Innborgað framleiðslugjald af áli	— 10 233 360	
		Kr. 796 443 327

Efnahagsreikningur 31. desember 1977.**Eignir :**

Vélalán 1. janúar 1977	kr. 949 309 192	
+ Útlán 1977	— 684 458 000	
		kr. 1 633 767 192
÷ Afborganir 1977	— 168 631 430	
		kr. 1 465 135 762